

Ávarp á 47. Ársþingi BSRB

Góðir þingfulltrúar

Það er mér heiður að vera með ykkur hér í dag. Þetta er dagur þar sem það er ögn bjartara yfir okkur öllum í kjölfar þess að Peningastefnunefnd tilkynnti nú í morgun um að stýrivextir lækkuðu í fyrsta skipti í fjögur ár. Það er jákvætt skref þó að ég þykist vita að mörg okkar hefðum viljað sjá stærri skref.

Þetta er mikilvægur vettvangur og störf ykkar hér á þessu þingi skipta máli fyrir okkur öll. Ég gegni embætti innviðaráðherra, þar sem að talsverður hluti af mínum degi fer í innviði úr steypu og malbiki. Um íbúðarhúsnæði og brýr, göng og hafnir. Mikilvæg og krefjandi verkefni, sérstaklega á tímum þar sem dýrtíð hefur verið um nokkurt skeið og húsnæðisverð hefur reynst sífellt fleirum fjötur um fót. Verkefni sem er í höndum hins opinbera í heild eða að hluta. Bæði ríkis og sveitarfélaga. Verkefni sem hinn svokallaði markaður getur ekki leyst og hefur ekki leyst. Ykkar störf eru sama eðlis, almannaþjónustan. Störf sem eru þess eðlis að ef þeim er ekki sinnt þá er ekki grundvöllur fyrir samfélag.

Umræðunni er nefnilega stundum snúið á hvolf, að það sé einkageirinn einn sem búi til verðmætin og svo ef fjármagnseigendur hafa fengið nóg þá megi af náð og miskunn deila út til launafólks og svo mögulega greiða til samfélagsins í sameiginleg verkefni en þó með semingi. Staðreyndin er hinsvegar sú að forsenda blómlegs atvinnulífs eru samfélagslegir innviðir, almannaþjónusta. Það er nánast sama hvaða mælikvarði er valinn, efnahagslegir mælikvarðar, velsældarmælikvarðar, svokölluð samkeppnishæfni, þá tróna lönd með öflugri almannaþjónustu á toppnum. Það er ekki tilviljun, það er einfaldlega góð pólitík, réttar áherslur sem skapa góð samfélög.

Talið um báknið og um að of mörg vinni hjá hinu opinbera snýst í raun um atlögu að þessum samfélagsinnviðum og þeirri samfélagsgerð sem leggur áherslu á að velferð, menntun og heilbrigðisþjónusta eigi að standa öllum til boða óháð efnahag. Of oft er talað niður til heilu stéttanna sem, frá morgni til kvölds, sinna mikilvægum og krefjandi verkefnum í þágu samfélagsins. Almannaþjónustan er samfélagið og samfélagið gerir atvinnulífinu kleift að starfa. Hinn svokallaði frjálsi markaður gleymir því stundum að opinber þjónusta getur ekki valið sig frá verkefnum, Við hættem ekki bara að slökkva elda, sinna sjúkum og slösuðum, sinna börnum, öldruðum, mennta þjóðir og rannsaka og vakta veður, náttúruvá og vistkerfi. Það getur

einkageirinn gert, hann bara ákveður að hætta verkefnum ef þau eru flókin eða erfið eða skila ekki hagnaðinum, gróðanum sem lagt var upp með.

Almannaþjónustan tekur á öllu hinu, öllu því fjölmarga sem er of mikilvægt til að láta hinn svokallaða markað leysa. Almannaþjónustan er það sem heldur samfélaginu saman.

Spurningin ætti líka að vera, hvernig metum við virði í samfélaginu? Hvað er svona merkilegt við það að vinna í fjármálakerfinu eða vinna við að vera forstjóri. Hvað með önnur störf? Hvað með þau sem gera okkur kleift að eiga saman samfélag? Hvers virði eru þau störf? Er það virðismat í lagi? Er mat á vinnuframlagi karla og kvenna réttmætt og um raunverulegt framlag til samfélagsins í heild?

Svar margra við þessari spurningu er að það sé rangt gefið hvað þetta varðar, að við eigum að stefna að framtíð þar sem allir geti lifað með reisn, óháð því hvort starfað er við velferðarþjónustu eða í banka. Að við eigum saman öflugt velferðarkerfi sem grípur okkur þegar við hrösum. Að á Íslandi sé ekki stéttskipt þjóðfélag, þeirra sem eiga og þeirra sem eiga ekki. Að það sé mögulegt fyrir venjulegt vinnandi fólk að eignast öruggt þak yfir höfuðið og það öryggi sem því fylgir. Því að án öryggis, hvort sem er afkomuöryggi, húsnæðisöryggi, öryggi frá ofbeldi og sú öryggistilfinning sem fylgir því að vita að það sé heilbrigðiskerfi sem grípur okkur ef við eða börnin okkar veikjast eða lenda í félagslegum eða tilfinningalegum vanda. Án þessa öryggis er ekkert samfélag og þá er sannanlega enginn blómlegur einkageiri.

Fjármagnsöflin ásælast almannaþjónustuna, það er ljóst. Hvort sem um ræðir velferðarþjónustu, menntakerfi eða heilbrigðiskerfið þá telja fjármagnsöflin að næsti vettvangur hagnaðar og gróða sé almannaþjónusta. Þar höfum við vitan að varast frá fjölmörgum nágrannalöndum okkar. Það er ákaflega mikilvægt að standa vörð um okkar leið, um íslensku leiðina. Þar sem sterk verkalýðsfélög, á borð við BSRB, standa þétt að baki opinberri þjónustu og marka leiðina áfram fyrir opinbera þjónustu. Standa gegn ásælni fjármagnsaflanna í skjótfengin gróða með því að bora sér leið inn í ríkiskassann. Fyrir það og svo miklu meira getum við öll verið þakklát. Þetta þurfum við að muna í aðdraganda kosninga því þarna eru hinar breiðu pólitísku línur sem segja til um það hvers konar samfélag við viljum.

Takk fyrir gott hljóð og gangi ykkur vel við ykkar mikilvægu þingstörf!

